

fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Haraldur Ó. Briem, á að greiða hinum stefnda, Jóni Jónssyni á Borgargarði, 123 kr. 09 aur. með vöxtum 4 af hundraði frá 26. marzm. 1887, unz borgað verður. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvembermán.

Nr. 30/1888.

Jón Jónsson Vaagfjörð  
gegn  
Guðmundi Jónssyni.

Dómur:

Haustið 1886 keypti áfrýjandi máls þessa, Jón Jónsson Vaagfjörð, 6 hndr. 30 ál. að fornu mati í jörðinni Hlíð í Austur-Eyjafjallahreppi, og er kaupbrjefið dagsett 9. nóvembermán. nefnt ár. Kaupbrjef þetta ljet hann lesa á manntalsþingi 21. dag júnímánaðar næst á eptir. Ábúandi jarðarparts þessa, hinn stefndi Guðmundur Jónsson, þóttist eiga forkaupsrjett á honum, bauð kaupandanum þegar á einmánuði 1887 andvirði hans, gegn því að hann fengi að njóta kaupanna, og aptur á manntalsþingi um vorið bauð hann fram andvirðið í sama skyni, en þegar þessum framboðum hans á kaupverðinu var hafnað, mótmælti hann

á tjeðu manntalsþingi lögmæti kaupbrjefs áfrýjanda, og síðan neitaði hann að greiða áfrýjanda landskuld og leigur eptir ábýlið, er greiðast áttu árið 1887; áfrýjandi byggði þá hinum stefnda út af býlinu með skjali, dagsettu 19. desbr. 1887, og birtu af stefnuvottum sama dag; skyldi stefndi eptir útbygginguinni vera burtu af býlinu í síðastliðnum fardögum. Nú flutti hinn stefndi eigi af jörðinni í fardögum í vor, og var þá eptir kröfu áfrýjanda um útburð á stefnda af jörðinni fógetarjettur Rangárvallasýslu settur á Hlíð hinn 20. júnímán. vor er leið, til þess að bera hinn stefnda út af býlinu, en með samdægurs upp kveðnum úrskurði fógetans var útburðarkröfu áfrýjanda hrundið. Þessum fógetarjettarúrskurði hefur Jón Jónsson Vaagfjörð áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 14. júlímán. þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, og hlutaðeigandi fógeti skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu útburðargjörð, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda skaðabætur fyrir þrásetu á jörðinni, að minnsta kosti 100 kr., og allan kostnað málsins, eigi minna en 60 kr. Á hinn bóginn eru það kröfur hins stefnda, Guðmundar Jónssonar, að úrskurður fógetans verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað, að minnsta kosti 100 kr., eða eitthvað nægilegt eptir mati rjettarins.

Það er varnarástæða hins stefnda í máli þessu, að hann hafi haft rjett til lífsábúðar á jarðarparti þeim, sem um er að ræða, og að hann því samkvæmt tilskipun 18. júní 1723, sbr. kgsbr. 22. des. 1797, hafi átt forkaupsrjett á partinum, enda hafi hann þegar í júní-



mánuði í vor er leið höfðað mál á hendur áfrýjanda til brigða á landinu. Kaupbrjef áfrýjanda sje því ógilt gagnvart sjer, og hafi sjer verið heimilt að halda landskuld og leigum af býlinu fyrir honum, en þá sje og útbyggingin ólögmet. — Ábúðarheimild hins stefnda fyrir jarðarpartinum er engin önnur komin fram í máli þessu en byggingarbrjef, út gefið af Guðríði Torfadóttur hinn 28. febr. 1878, er kveður svo á, að stefndi skuli hafa nefnt býli „til löglegrar ábúðar og allra leiguliða-nota þann tíma, sem eg (Guðríður Torfadóttir) kann að hafa umráð yfir partinum“. Þetta byggingarbrjef verður nú eigi skilið á þá leið, að það heimili hinum stefnda slíkan lífsábúðarrjett, eins og ráð er fyrir gjört í tilsk. 18. júní 1723, en að hinum sjerstaklegu ákvæðum þessa laga-boðs, um að lífsábúð eptir samningi sje skilyrði fyrir forkaupsrjetti leiguliða að leigujörð hans, hafi verið breytt með 3. grein í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884, verður eigi álitid. — Þegar því erfingi Guðríðar, sá er á skiptum eptir hana fjekk jarðarpartinn í sinn hlut, seldi áfrýjanda hann haustið 1886, hafði stefndi eigi lífsábúðarrjett eptir samningi, gat eigi krafizt forkaupsrjettar á partinum, og hafði eigi heimild til að halda landskuld og leigum fyrir áfrýjanda. Honum var því heimilt að byggja stefnda út af býlinu, og er stefndi eigi gaf gaum útbyggingunni, gat hann löglega krafizt þess af hlutaðeigandi fógeta samkvæmt N.L. 6—14—6, að framkvæmd væri útburðargjörð á stefnda og gózi hans. Það verður því að fella úr gildi fógetarjettar-úrskurðinn, og skylda fógetann til að framkvæma hina umbeðnu útburðargjörð. Það er eðlilegt, að

áfrýjanda beri skaðabætur fyrir þrúsetu hins stefnda á eign hans, og með því að eigi hefur verið mótmælt upphæð skaðabótakröfu hans, ber að taka hana til greina, og dæma til handa honum 100 kr. í þessu skyni. Svo verður og eptir þessum málavöxtum að skylda stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað, er þykir mega ákveða 50 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fúgetarjettarúrskurður er úr gildi feldur, og ber hlutaðeigandi fúgeta að framkvæma hina umbeðnu útburðargjörð.

Hinn stefndi, Guðmundur Jónsson, á að greiða áfrýjanda, Jóni Jónssyni Vaagfjörð, skaðabætur að upphæð 100 kr., og málskostnað að upphæð 50 kr., er hvorttveggja lúkest innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. nóvembermán.

Nr. 44/1888.

Hið opinbera

gegn

Jóni Þóroddssyni og

Stefáni Pálssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu og Kjósarsýslu, gengnum 15. dag júnímán. þ. á., voru hinir kærðu, vinnumaður Jón Þóroddsson á Auðnum í Vatns-